

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

412. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu Kópavogsbæjar, Digranesvegur 1, 200 Kópavogur þann 02.09.2019, kl.10:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir (í símasambandi), Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir. Bjarni Torfi Álfþórsson boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

### 1. Endurskoðuð fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun fyrir árið 2019-2023. Jafnframt lögð fram greinargerð/minnisblað um breytingar á fjárfestingaráætlun og breytta fjármögnun. Jafnframt lagt fram minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaganna um sama málefni.

*„Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 990 mkr., til 15 ára. Er lánið tekið til að fjármagna viðbótarkostnað við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjód sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Birni H. Halldórssyni, kt. 241262-5299, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs., að undirrita lánasamning við Lánasjód sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.*

*Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs, þ.e.a.s. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykktum sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.“*

Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að óska eftir framlengingu á tveimur lánnum hjá Íslandsbanka:

Björn H. Halldórsson  
KGF

Langtímalán 1.000 milljónir, framlenging úr 6 árum í 15 ár.  
Framkvæmdalán, 500 milljónir verði framlengt um tvö ár.

Ljóst er að fara þarf yfir verkferla félagsins og í því ljósi er formanni og varaformanni stjórnar falið að fá óháðan aðila til að framkvæma úttekt á starfsemi félagsins og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta fund stjórnar.  
Samþykkt samhljóða.

**2. Forsendur rekstraráætlunar 2020 - 2024**

Framkvæmdastjóri kynnir drög að forsendum rekstraráætlunar 2020 – 2024. Jafnframt eru lögð fram fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir rekstur endurvinnslustöðvanna og grenndargámakerfisins. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

**3. Bréf Landslaga til LOGOS vegna kröfu ÍAV**

Lagt fram bréf Landslaga, dagsett 28. ágúst 2019 vegna kröfu ÍAV vegna útboðs á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með LOGOS og embætti borgarlögmans.

**4. Bréf Vestmannaeyjabæjar með ósk um áframhaldandi móttöku úrgangs**

Lagt fram bréf Vestmannaeyjabæjar dagsett 1. september þar sem óskað er eftir því að SORPA haldi áfram móttöku úrgangs frá Vestmannaeyjabæ. Um er að ræða ólífrænan heimilísúrgang og lítað timbur. Bærinn stefnir að uppsetningu brennslustöðvar fyrir árið 2021. Málið rætt. Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að semja við Vestmannaeyjabæ um móttöku á úrgangi til 31.12.2020.

**Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn þann 27. september 2019.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 11:10

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

T. Björk Jón Jónsson  
Kolbrinn G. Þorsteinsson  
Sigrún Björg Jónsdóttir  
Jóna Guðrún Jónsdóttir  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir



## Greinargerð/minnisblað vegna breytinga á fjárfestingaáætlun SORPU bs. 2019 – 2023

Í meðfylgjandi sjóðsstreymisýfirliti er búið að setja inn breytingar á fjárfestingum sem nauðsynlegt er að gera vegna breytinga á áætluðum kostnaði gas- og jarðgerðarstöðvar, stækkun móttökustöðvar sem og vegna tækjabúnaðar í móttökustöð.

### Gas- og jarðgerðarstöð.

Í rekstraráætlun SORPU fyrir árin 2019 – 2023 sem gerð var í október 2018 var gert ráð fyrir fjárfestingu í G&J upp á kr. 3.610 Mkr<sup>1</sup> (sjá texta áætlunar) og var þar innifalið bygging sjálfrar stöðvarinnar, eftirlit, ráðgjafakostnaður og greiðslur til Aikan. Gert var ráð fyrir að hreyfanlegur tækjabúnaður í G&J yrði tekinn á rekstrarleigu (hjólaskófla, tævari, sigti, blandari samtals ca. 100 Mkr.) og/eða hluti verkefnisins boðinn út og kæmi þá sem rekstrarkostnaður en ekki stofnkostnaður.

Tilboð í gas- og jarðgerðarstöðina voru opnuð þann 17. apríl 2018 og átti Ístak lægsta tilboðið. Tilboð Ístak hljóðaði upp á 3.320 Mkr. Eftirlit var einnig boðið út og var samið við Verkís en tilboð þeirra hljóðaði upp á 100 Mkr (júní 2018). Eftirstöðvar af greiðslum til Aikan voru í júní 2018 samtals áætlaðar 885.000 EUR eða 110 Mkr (miðað við gengi evru 124). Við bætist síðan ráðgjafa- og hönnunarkostnaður upp á 88 Mkr. Samtals eru þetta því 3.618 Mkr.

Nú (júlí/ágúst 2019) hefur komið í ljós að láðst hafði að gera ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði svo sem vegna hugsanlegra magnaukninga eða annarra ófyrirséðra atriða sem upp geta komið við fullnaðarhönnun verktaka (Ístak/Efla). Töluverð magnaukning er nú áfallin og fyrirséð vegna aukinnar jarðvinnu og vinnu við jarðvegslagnir, aukið steypumagn og járn. Áætlaður heildarkostnaður vegna magnaukninga er 269 Mkr sem er 8% af samningsupphæð (endanleg upphæð ákvarðast af magntölum). Samþykktur viðbótarkostnaður vegna breytinga og aukaverka er 72 Mkr en stærstu kostnaðarliðirnir eru til komnir vegna tilfærslu á stöðinni til austurs vegna landlegu og útskipti á lélegu fyllingarefni undir botnplötu. Ný áætlun gerir ráð fyrir samtals 107 Mkr vegna viðbótarverka. Einnig hefur í áætlunum láðst að gera ráð fyrir verðbótum á verkið sem nú eru áætlaðar 186 Mkr á allt verkið (þ.e.a.s. bæði áfallið og þegar greitt og áætluð rest til loka verks<sup>2</sup>). Alls er því á þessu stigi gert ráð fyrir 562 Mkr viðbótarkostnaði vegna byggingar G&J (útboðsverkið með verðbótum).

Gengi evru er nú ca. 137 þ.a. eftirstöðvar til Aikan má áætla krónur 12 Mkr umfram það sem áætlað var. Einnig hefur kostnaður hækkað vegna kaupa á ráðgjöf vegna lengingu hönnunartíma og kostnaður vegna lagningu heimæða var ekki innifalinn í upphaflegri áætlun. Heildar viðbótarkostnaður vegna G&J frá upphaflegri áætlun er því áætlaður nú 638 Mkr (með heimæðum osfrv. samtals 76 Mkr.) eða 18% umfram upphaflega áætlun með verðbótum. Viðbótarkostnaður án verðbóta er áætlaður 452 Mkr eða 12,5% hækkun á upphaflegri kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun fyrir heildarfjárfestingu G&J er því 4.247- Mkr (með vikmörkum ÷3% til +5% eða 4.119 - 4.459 Mkr).

<sup>1</sup> Allar kostnaðartölur hér tilgreindar eru án virðisaukaskatts

<sup>2</sup> Misskilningur framkvæmdastjóra varð til þess að því var haldið fram á eigendafundi að einungis væri um áfallnar og greiddar verðbætur að ræða en svo er ekki heldur bæði greiddar verðbætur og það sem áætlast út verkið.



### Stækkun móttökustöðvar.

Í fjárfestingaráætlun ársins 2019 er gert ráð fyrir að stækkun móttökustöðvarinnar í Gufunesi kosti 605 Mkr. sem skiptast á árin 2019 (405 Mkr) og 2020 (200 Mkr). Stækkunin var boðin út og reyndist hagstæðasta tilboðið frá Alefli ehf. vera 289 Mkr. án vsk. Aflað var verðtilboða í eftirlit og var hagstæðasta tilboð frá Varða-verkþjónusta 11 Mkr án vsk. Ofan á þetta leggst undirbúnings-, hönnunar- og ráðgjafakostnaður, samtals áætlaður 45 Mkr. Ófyrirséður og ótalinn kostnaður er nú áætlaður 10% af beinum og óbeinum kostnaði, eða um 35 Mkr. Samtals kostnaður er því áætlaður um 380 Mkr án vsk fyrir stækkun móttökustöðvarinnar. Óvissa í áætluninni áætlast á þessu stigi vera  $\pm 5\%$  til  $+10\%$  (vikmörk 361 – 418 Mkr).

### Tækjabúnaður í móttökustöð.

Eins og áður hefur komið fram þá hefur láðst að færa áætlun fyrir tækjabúnaði í móttökustöðina í Gufunesi úr áætlun ársins 2018 í áætlun ársins 2019. Kostnaður við búnað sem þarf í móttökustöðina áætlast á þessu stigi vera 719 Mkr án vsk. Búnaður og aðrir kostnaðarliðir eru taldir upp í töflunni hér að neðan. Búið er að efna til útboðs og verðfyrirspurna á flest öllum tækjum og uppsetningu.

Tæki	Fjöldi	Tilboð/áætlun	Milljónir króna	Ath.
Pokaopnarar	2	Tilboð	41	Háð gengi
Sigti	3	Tilboð	59	Háð gengi
Málmskiljur	7	Tilboð	28	Háð gengi
Hakkari	1	Tilboð	30	Háð gengi
Vindskiljur	2	Tilboð	61	Háð gengi
Stálfæribönd	2	Tilboð	45	Háð gengi
Flutningsbönd (gúmmi)	27	Áætlun	73	Háð gengi
Flutningskostnaður tækja	7%	Áætlun	24	
Raf- og stjórnþúnaður		Áætlun	33	Háð gengi + vísitölu
Uppsetning		Tilboð	156	
Umsjón, hönnun, eftirlit		Áætlun	104	
Ófyrirséð og ótalið	10%	Áætlun	65	
<b>SAMTALS</b>		<b>Tilboð/áætlun</b>	<b>719</b>	

Þar sem búið er að afla tilboða í stærstan hluta tækjabúnaðar og uppsetningu er ófyrirséð og ótalið lækkað frá því sem áður var gert ráð fyrir og er nú áætlað 10% af heildarkostnaði. Óvissa í áætluninni er einnig minni en áður var áætlað og er nú áætluð á bilinu  $\pm 5\%$  til  $+10\%$ . Því er áætlað að heildarkostnaður vegna tækjabúnaðar verði á bilinu 683-791 Mkr.

### Frestun tækjabúnaðar í móttökustöð

Í kostnaðartölunum í töflunni hér að ofan er gert ráð fyrir að fresta kaupum og uppsetningu á tveimur málmskiljum án þess að það hafi áhrif á vinnsluna í Móttökustöðinni, og það hefur ekki áhrif á það efni sem á að fara í gas- og jarðgerðarstöðina. Með þessu má spara ca 19 Mkr. án vsk (tvær málmskiljur og tilheyrandi færribönd). Rétt er að vekja athygli á að þessi sparnaður er lægri tala en áður var áætlað og liggur það í því að nú liggja fyrir tilboð í þennan búnað og þau reyndust mjög hagstæð og því sparast minna við að sleppa þessum búnaði.

Einnig er gert ráð fyrir að fresta kaupum á umbúðaskilju samtals 31 Mkr án vsk en hún er ætluð til að ná matvöru úr umbúðum. Samtals má því fresta búnaði upp á 50 Mkr (sem búið er að taka tillit til í töflunni að ofan).

### Frestun óskyldra fjárfestinga.

Í fjárfestingaráætlun fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir uppbyggingu á gashreinsistöð og varabirgðum upp á 100 milljónir sem skiptist jafnt á árin 2019 og 2020. Þessu má fresta til áronna 2020 og 2021. Undirbúningur fyrir brennslustöð var áætlaður 15 milljónir árin 2019 og 2020 og má fresta þeim til síðari tíma. Einnig var gert ráð fyrir vinnu við svæðisáætlun og urðunarstað samtals 110 milljónir árin 2019 og 2020. Fyrirséð er að kostnaður við svæðisáætlun verður ekki eins og áætlað var árið 2019 (20 milljónir) og áætlaðan kostnað ársins 2020 (90 milljónir) má minnka.

### Samantekt

Tryggja þarf fjármögnun á þeim viðbótarkostnaði sem áætlað er að falli á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar og þeim búnaði sem ætlaður er í móttökustöðina í Gufunesi. Mannvit/SORPA hafa rýnt áfallnar kostnaðartölur og reynt að meta hvaða áhætta sé á auknum kostnaði. Verkefni eru misjafnlega á vegi stödd og því áhættan mismunandi. Hér er samantekt á áætluðum kostnaði og svo vikmörkum (efri og neðri):

	Verkefni	Áætlun	Neðri vikmörk	Efri vikmörk
A	Viðbótarkostnaður G&J	452 Mkr.	324 Mkr.	664 Mkr
B	Verðbætur vegna G&J	186 Mkr.	186 Mkr	186 Mkr
C	Tækjabúnaður í móttökustöð	719 Mkr.	683 Mkr	791 Mkr
	<b>SAMTALS</b>	<b>1.356 Mkr</b>	<b>1.183 Mkr</b>	<b>1.641 Mkr.</b>

Stækkun móttökustöðvar er ekki höfð með í samtölu þar sem sú fjárfesting verður lægri en áætlun gerir ráð fyrir auk þess sem sú fjárfesting var inn í samþykktari áætlun. Tryggja þarf fjármögnun á 1.183 – 1.641 Mkr þar sem líklegasta niðurstaða er 1.356 Mkr.

Gunnar Herbertsson, Guðmundur Ólafsson og Valur Birgisson frá Mannvit hafa yfirfarið greinagerð þessa.

### Fjármögnun

Núverandi lán, sem þegar er búið að taka eru þannig:

Lánasjóður sveitarfélaga: 750 Mkr. til 15. ára

Íslandsbanki: 1.000 Mkr. til 6. ára

Íslandsbanki: 500 Mkr. yfirdráttarlán til febrúar 2020 (má framlengja)

Meðfylgjandi er endurskoðuð fjárfestingaráætlun sem miðast við hærri vikmörk viðbótarkostnaðar í tilviki G&J og kaupa á tækjabúnaði og uppsetningu. Jafnframt fylgir með greiðslufælðisáætlun (vinnuskjal) þar sem gert er ráð fyrir viðbótlánum og breytingum á lánum sem hér segir:

### Efri vikmörk:

- Lengja í Íslandsbankaláni úr 6 árum í 15 ár (1.000 Mkr.)
- Nýtt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 990 Mkr. til 15 ára (jafngreiðslulán)
- Lengja yfirdráttarlán um tvö ár



**Neðri vikmörk:**

- Lengja í Íslandsbankaláni úr 6 árum í 15 ár (1.000 Mkr.)
- Nýtt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 683 Mkr. til 15 ára
- Lengja yfirdráttarlán um tvö ár.

**Líklegasta útkoma (áætlun):**

- Lengja í Íslandsbankaláni úr 6 árum í 15 ár (1.000 Mkr.)
- Nýtt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 719 Mkr. til 15 ára (jafngreiðslulán)
- Lengja yfirdráttarlán um tvö ár.

**Kjör og greiðslubyrði lána**

Kannað hefur verið hjá Íslandsbanka með þann möguleika að lengja í láni úr 6 árum í 15 ár og er það mögulegt (þó ekki staðfest). Bankinn getur hins vegar ekki boðið sömu kjör á því láni en vextir hækka um 0,9% við þessa breytingu. Lánið er óverðtryggt með breytilegum vöxtum, jafngreiðslulán þar sem greiðslubyrði verður um 90 Mkr. á ári. (fer úr 190 millj niður í 90 millj.)

Kjör Lánasjóðs sveitarfélaga eru breytileg. Tvö lán koma til greina, bæði til 15 ára. Annars vegar verðtryggt með föstum vöxtum upp á 1,98% vexti, óuppgreiðanlegt á lánstímanum – jafngreiðslulán þar sem greiðslubyrðin er á bilinu 80-120 millj. á ári. Hins vegar er um að ræða óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum (nú 2,05%) sem breytast ársfjórðungslega. Lánið er með jöfnum afborgunum. (greiðslubyrði um 90-106 millj.)

Lánasjóður sveitarfélaga bíður ákjósanlega vexti, en hins vegar er óvarlegt að festa SORPU í lánnum sem ekki er hægt að greiða upp, ef tækifæri gefst til. Upphæð og form afborgana skipta einnig máli.

*\*Greiðslubyrði miðast við að tekið sé lán upp á 990 milljónir kr.*

**Niðurstaða.**

Það er tillaga undirritaðs að óskað verði eftir því við Íslandsbanka að lánstími áhvílandi láns (1.000 Mkr) verði aukinn úr 6 árum í 15 ár og að yfirdráttarlán hjá Íslandsbanka verði lengt um tvö ár (500 Mkr.). Jafnframt að óskað verði eftir nýju 990 Mkr. láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga til 15 ára. Að venju þarf slík lántaka samþykkt eigenda. Með því móti eru efri vikmörk á áætlun tryggð. Verði raunkostnaður lægri þegar framkvæmdum er lokið má greiða niður þau lán sem heimilt er að greiða niður.

Virðingarfyllst,

  
Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri

DRÖG - Breyting ágúst 2019

Sjóðstreymi 2017 - 2023

Handbært fé frá rekstri	Ársreikningur 2017	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2018	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Frá rekstri:								
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....	427.635.312	236.679.462	451.732.400	245.977.166	181.691.704	158.180.220	191.922.752	282.924.802
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:								
Afskriftir .....	164.255.671	96.624.247	196.248.498	231.319.926	447.474.703	484.760.418	493.017.560	501.274.703
Sölu(hagnaður)/tap fastafjármuna .....	92.342							
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 1.016.105)	0	( 1.000.000)	( 1.000.000)	( 1.000.000)	( 1.000.000)	( 1.000.000)	( 1.000.000)
Verðb. og gengism. af eignum og skuldum .....	0							
	<u>590.967.220</u>	<u>333.303.709</u>	<u>646.980.898</u>	<u>476.297.092</u>	<u>628.166.407</u>	<u>641.940.638</u>	<u>683.940.312</u>	<u>783.199.505</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:								
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .....	( 202.278.847)	( 82.682.700)	79.867.661	164.923.046	123.882.852	( 69.045.088)	55.595.048	( 19.688.024)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....	141.302.416	( 103.283.334)	( 141.700.266)	226.396.879	( 86.200.040)	( 133.114.398)	19.621.849	24.508.265
	<u>( 60.976.431)</u>	<u>( 185.966.034)</u>	<u>( 61.832.605)</u>	<u>391.319.926</u>	<u>37.682.811</u>	<u>( 202.159.486)</u>	<u>75.216.896</u>	<u>4.820.241</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>529.990.789</b>	<b>147.337.675</b>	<b>585.148.293</b>	<b>867.617.018</b>	<b>665.849.219</b>	<b>439.781.151</b>	<b>759.157.208</b>	<b>788.019.746</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>								
Fjárfest í Gufunesi .....	( 193.995.817)	( 108.043.239)	( 151.713.212)	( 10.000.000)	( 75.000.000)	( 95.000.000)	( 45.000.000)	( 45.000.000)
Fjárfest í stækkun/flokkun .....				( 336.000.000)	( 84.000.000)			
Tækjabúnaður í móttökustöð.....				( 706.000.000)	( 84.000.000)			
Fjárfest í gasgerðarlausn / Gými.....	( 227.529.856)	( 160.342.177)	( 833.852.081)	( 2.810.000.000)	( 175.000.000)	( 75.000.000)	( 10.000.000)	( 10.000.000)
Viðbótarkostnaður vegna sökklá og verðbóta.....				( 576.147.919)	( 64.000.000)			
Fjárfest í lóð .....	( 169.000.000)							
Fjárfest í gashreinsistöð og varabirgðum .....					( 50.000.000)	( 50.000.000)		
Fjárfest í brennslustöð / undirbúningur.....					( 15.000.000)	( 60.000.000)	( 150.000.000)	( 150.000.000)
Fjárfest í Álfnesi/svæðisáætlun/urðunarstaður....			( 95.771.778)	( 10.000.000)	( 90.000.000)	( 150.000.000)	( 500.000.000)	( 100.000.000)
Fjárfest í Endurvinnslustöðvum.....	( 1.675.397)	( 15.443.032)	( 15.443.032)	( 30.000.000)	( 300.000.000)	( 380.000.000)	( 200.000.000)	
Söluverð fastafjármuna.....	1.434.000	1.500.000	1.500.000					
Breyting langtímakrafna.....	0							
Breyting bundinna innstæðna.....	( 10.055.327)	( 6.317.546)	( 13.266.846)	( 15.660.611)	( 18.479.521)	( 21.805.835)	( 25.730.885)	( 27.017.429)
Fjárfest í eignarhlutum.....	0							
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>( 600.822.397)</b>	<b>( 288.645.994)</b>	<b>( 1.108.546.949)</b>	<b>( 4.493.808.530)</b>	<b>( 955.479.521)</b>	<b>( 831.805.835)</b>	<b>( 930.730.885)</b>	<b>( 332.017.429)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>								
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða .....	10.432.284	6.565.530	13.266.846	15.660.611	18.479.521	21.805.835	25.730.885	27.017.429
Ný langtímalán vegna SORPU bs. ....	91.864.078			<b>2.740.000.000</b>				
Ný langtímalán vegna endurvinnslustöðvanna .....				30.000.000	300.000.000	380.000.000	200.000.000	0
Greiddar afborganir langtímalána .....	( 74.684.496)	( 44.812.271)	( 88.588.825)	( 232.473.018)	( 266.155.000)	( 255.655.962)	( 269.758.259)	( 267.895.031)
Skammtíma bankalán .....			0	102.719.625	140.224.973	( 1.541.223)	( 241.403.375)	
Breyting á skuldbindingu v/endurvinnslustöðva .....	43.663.331	22.743.378	46.692.732	62.535.261	97.080.808	97.416.033	84.746.478	108.891.535
Stofnfjárukning vegna gasgerðarstöðvar/urðun .....			350.000.000	200.000.000		150.000.000	500.000.000	100.000.000
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>71.275.197</b>	<b>( 15.503.363)</b>	<b>321.370.753</b>	<b>2.918.442.479</b>	<b>289.630.302</b>	<b>392.024.683</b>	<b>299.315.729</b>	<b>( 31.986.067)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	<b>443.589</b>	<b>( 156.811.682)</b>	<b>( 202.027.903)</b>	<b>( 707.749.033)</b>	<b>( 0)</b>	<b>( 1)</b>	<b>127.742.052</b>	<b>424.016.250</b>
Handbært fé í byrjun tímabils .....	909.333.348	909.776.937	909.776.937	707.749.034	0	0	(0)	127.742.052
<b>Handbært fé í lok tímabils .....</b>	<b>909.776.937</b>	<b>752.965.255</b>	<b>707.749.034</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(0)</b>	<b>127.742.052</b>	<b>551.758.301</b>

## Minnisblað

### Vegna fjárfestinga Sorpu bs. í gas- og jarðgerðarstöð

Til: Eigendafulltrúa Sorpu bs.  
Samrit: Birkir Jón Jónsson, formaður stjórnar Sorpu bs.  
Afrit: Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Sorpa bs. vinnur nú að byggingu nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar fyrir starfsemi félagsins sem verið hefur í undirbúningi um árabil. Verkið var boðið út snemma á árinu 2018 og er gert ráð fyrir að stöðin verði komin í notkun á árinu 2020. Ný gas- og jarðgerðarstöð hefur lengi verið hluti af fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun félagsins. Við gerð og framsetningu fjárhagsáætlunar 2019-2023 var gert ráð fyrir að heildarkostnaður vegna hennar yrði 3.610 m.kr.

Á síðustu vikum hefur komið í ljós að kostnaður vegna fjárfestingarinnar verður umtalsvert hærrí en fram kemur í samþykktari áætlun og gert ráð fyrir að útgjöld verði um 4.247 m.kr. sem er 637 m.kr. umfram áætlun eða 17,7%. Þar af um 452 m.kr. í viðbótarverk og 186 m.kr. í verðbætur.<sup>1</sup> Þar til viðbótar vantar alfarið inn áætlun fyrir tækjabúnaði í móttökustöðina í Gufunesi, sem er forsenda þess að unnt verði að taka gas- og jarðgerðarstöðina í notkun. Gert er ráð fyrir að fjárfesting í þeim búnaði nemi um 719 m.kr.

Samtals nema frávik frá samþykktari áætlun vegna gas- og jarðgerðarstöðvar 1.356 m.kr. þegar meðtalin er fjárþörf fyrir tækjabúnað í móttökustöð.

Málið var tekið til umræðu á fundi eigenda Sorpu bs. mánudaginn 8. júlí sl. Á fundinum var fjármálastjórum aðildarsveitarfélaganna falið að koma að rýningu á verkefnið með svohljóðandi bókun:

Málið er lagt fram til kynningar. Er málinu vísað til áframhaldandi umræðu og afgreiðslu hjá stjórn Sorpu b.s. og óskað verði eftir aðkomu fjármálastjóra sveitarfélaganna á greiningu á bestu kostum við úrlausn mála. Ef afgreiðslan leiðir til aukinna fjárframlaga af hendi sveitarfélaganna þarf málið að koma fyrir eigendavettvanginn á ný.

Fjármálastjórar sveitarfélaganna áttu fund með framkvæmdastjóra Sorpu bs., fjármálastjóra og formanni stjórnar þann 11. júlí sl. þar sem farið var yfir málið. Á fundinum kom fram að frávik frá fjárfestingaáætlun á árinu 2019 gætu numið um 1.100 m.kr. sem væru ófjármagnaðar. Á fundinum fóru stjórnendur Sorpu bs. yfir þau frávik sem fyrirséð væru frá samþykktari áætlun og hugmyndir sínar um möguleika til fjármögnunar og áhrif á sjóðsteymi fyrirtækisins til næstu ára. Í ljósi stöðunnar lögðu fjármálastjórar eigendasveitarfélaga áherslu á að leitað væri hagkvæmustu leiða til fjármögnunar með áherslu á eftirfarandi:

- Að leitað yrði hagkvæmustu leiða til fjármögnunar. Áhersla lögð á að lengja í lánum Íslandsbanka og leita til Lánasjóðs sveitarfélaga vegna nýrrar lántöku.

<sup>1</sup> Sjá nánar í greinargerð framkvæmdastjóra frá 14. ágúst 2019.



- Að undirbúa tillögu að endurskoðun fjárfestinga- og fjármögnunaráætlunar fyrir árið 2019 ásamt áhrifum á áætlun 2020 – 2023, sundurliðuð á verk, með samanburði við samþykkt áætlun ásamt ítarlegri greinargerð.
- Að nauðsynlegt væri að leggja málið fram til kynningar og eftir atvikum samþykktar á eigendavettvangi félagsins áður en gengið væri til frekari aðgerða.

Nú liggur fyrir endurskoðuð fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun með tillögum um aðgerðir. Tillagan felur í sér eftirfarandi<sup>2</sup>:

- Hækkun á fjárfestingaáætlun vegna gas- og jarðgerðarstöðvar
- Lækkun á fjárfestingaáætlun vegna stækkunar á móttökustöð í Gufunesi
- Viðbótarfjárfesting í tækjabúnaði í móttökustöð vegna gangsetningar
- Tilfærsla/frestun á fjárfestingu í tækjabúnaði (málmskiljur, færíbönd og umbúðarskiljur)
- Tilfærsla/frestun óskyldra fjárfestinga
- Leiðir til fjármögnunar

Áhrif á fjárhags- og fjárfestingaáætlun 2019 eru áætluð eftirfarandi:

Fjárfestingaáætlun og sjóðstreymi	Breyting		
	Var	Verður	2019
Handbært fé frá rekstri	718	868	149
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfest í Gufunesi	10	10	0
Fjárfest í stækkun/flokkun	405	336	-69
Tækjabúnaður í móttökustöð		706	706
Fjárfest í gasgerðarlausn/Gými	2.810	2.810	0
Viðbótarkostn. vegna sökkla og verðbóta		576	576
Fjárfest í gashreinsistöð og varabirgðum	50		-50
Fjárfest í brennslustöð / undirbúningur	5		-5
Fjárfest í Álfsnesi / svæðisáætlun/urðunarstaður	20	10	-10
Fjárfest í Endurvinnslustöðvum	30	30	0
Breyting bundinna innistæðna	16	16	0
	<b>3.346</b>	<b>4.494</b>	<b>1.148</b>
<b>Fjármögnun</b>			
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða	16	16	0
Ný langtímalán vegna Sorpu bs.	1.750	2.740	990
Ný langtímalán vegna endurvinnslustöðva	30	30	0
Greiddar afborganir langtímalána	-232	-232	0
Skammtíma bankalán	94	103	9
Breyting á skuldbindingu v/endurvinnslustöðva	63	63	0
Stofnfjárukning vegna gasgerðarstöðva/urðun	200	200	0
	<b>1.919</b>	<b>2.918</b>	<b>999</b>
Breyting á handbæru fé	-708	-708	0
Staða handbærs fjár í byrjun tímabils	708	708	
Handbært fé í lok tímabils	0	1	1

<sup>2</sup> Sjá nánar í greinargerð framkvæmdastjóra Sorpu bs. dags. 14. ágúst 2019.

Tillagan gerir ráð fyrir að fjárfestingar aukist samtals um 1.148 m.kr. á árinu 2019 sem yrði annars vegar fjármagnað með aukum lántökum um 990 m.kr. en auk þess er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 149 m.kr. hærra en áætlað var vegna breytinga á skammtímalíðum.

Séu áhrifin á fjárhagsáætlun tímabilsins 2019 – 2023 skoðuð eru þau eftirfarandi:

**Fjárfestingahreyfingar:**

Ár	Áætlun		Breyting
	Var	Verður	
2019	3.346	4.494	1.148
2020	918	955	37
2021	782	832	50
2022	931	931	0
2023	332	332	0
<b>Samtals</b>	<b>6.309</b>	<b>7.544</b>	<b>1.235</b>

**Fjármögnunarhreyfingar:**

Ár	Áætlun		Breyting
	Var	Verður	
2019	1.919	2.918	999
2020	118	290	172
2021	166	392	227
2022	485	299	-186
2023	-94	-32	62
<b>Samtals</b>	<b>2.594</b>	<b>3.867</b>	<b>1.273</b>

+ = hækkun skulda, - = lækkun

**Niðurstaða:**

Eins og fram hefur komið hafa framkvæmdir við gas- og jarðgerðarstöð þegar hafist og útboð farið fram og ljóst að verkinu verður ekki frestað. Það er mat undirritaðra að tillaga framkvæmdastjóra um leiðir til fjármögnunar á þeim framkvæmdum sem hér er um að ræða sé ásættanleg. Að framlengja lánum Íslandsbanka úr 6 árum í 15 ár lækkar greiðslubyrði félagsins ár hvert um ca. 100 m.kr. Vaxtakjör versna með því að lengja í láninu, en kjörin eru þó ásættanleg miðað við það sem þekkist á markaðnum í dag. Þá er lagt til að leitað sé til Lánasjóðs sveitarfélaga vegna töku á nýju láni til 15 ára. Er það í samræmi við ráðgjöf undirritaðra á fundi með stjórnendum félagsins og talin ein hagkvæmasta leiðin til fjármögnunar sem völ er á í dag fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra. Þess má geta að lánið sem Íslandsbanki býður miðar við að unnt sé annað hvort að greiða inn á það eða greiða upp hvenær sem er á lánstímanum, sem getur verið hagkvæmt fyrir Sorpu bs. styrkist sjóðstreymi félagsins í samræmi við áætlanir, þegar lengra líður inn á áætlunartímabilið.

Lögð er áhersla á að ákvörðun stjórnar fari í hefðbundið kynningar- og samþykktarferli á eigendavettvangi Sorpu bs.

Auk þess er á það bent að breytinguna á fjárhagsáætlun Sorpu bs. þarf að leggja fyrir til samþykktar í borgarstjórn Reykjavíkurborgar í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, 63. gr. um bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, þar sem um er að ræða áhrif á samstæðuáætlun borgarinnar.



Virðingarfyllst,

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs  
Reykjavíkurborgar*

*Rósa Steingrímsdóttir  
fjármálastjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar*

*Gunnar Lúðvíksson  
fjármálastjóri Seltjarnarneskaupstaðar*

*Ingólfur Arnarson,  
fjármálastjóri Kópavogsbæjar*

*Pétur Jens Lockton  
fjármálastjóri Mosfellsbæjar*

*Lúðvík Hjalti Jónsson  
fjármálastjóri Garðabæjar*

**Logos****b.t. Erlendar Gíslasonar, lögmanns****Efstaleiti 5****103 Reykjavík**

Reykjavík, 28. ágúst 2019

**EFNI: INNKAUFAFERLI SORPU VEGNA „SORPA WASTE TREATMENT PLANT WP02 CIVIL WORKS“**

Vísað er til fyrri samskipta vegna þessa máls á milli Sorpu og umbjóðanda okkar ÍAV, nú síðast bréfs þíns fyrir hönd Sorpu frá 31. júlí sl. þar sem því er vísað á bug að nokkrir annmarkar hafi verið á innkaupaferlinu.

Að mati umbjóðanda míns eru nokkur atriði sem orka tvímælis í bréfinu: annars vegar þegar lagt er mat á réttarstöðuna og hins vegar er að finna fullyrðingar um staðreyndir sem umbjóðandi minn gerir athugasemdir við.

**1. Skýringar á tilboði Ístaks?**

Í bréfinu er því haldið fram að við yfirferð tilboða hafi vaknað nauðsyn að óska eftir „*nánari skýringum á tilteknum atriðum í tilboði Ístaks*“. Og málið ekki snúist um neitt annað en einfaldar skýringar sem teknar hafi verið góðar og gildar.

Þetta er rangt, tilboð Ístaks fól bæði í sér fyrirvara og einnig efnisleg frávík frá útboðsgögnum. Umbjóðanda þínum var þetta alveg ljóst enda segir í minnisblaði ráðgjafa hans (í drögum frá 23. apríl 2018) að ná þurfi „*samkomulagi ef gengið er til samninga við þá*“. Sömu leiðis var form tilboðsins með þeim hætti að bjóðandinn hakaði sjálfur við að um frávík væri að ræða (bls. 16 í viðauka 12).



Gerð er grein fyrir veigamestu frávikunum í tölvupósti ráðgjafans frá 24. apríl 2018 með þeim orðum að 9-10 af fyrirvörunum séu „ekki til vandræða“ en varðandi eingangrun í þaki líti út fyrir að „*umfang hennar sé minna en gerð er krafa um í gögnunum*“.

Þá kemur kjarni málsins mjög vel fram tölvupóstsamskiptum til undirbúnings á fundi með Ístaki hf. sem haldinn var hinn 27. apríl. Í tölvupósti um „upplegg“ fundarins segir:

„Komi fram sú afstaða Ístaks að einhver þessara breytingartillagna [ekki skýringa] sé frávik frá ófrávikjanlegum kröfum útboðsins þá þarf að leggja mat á virði fráviksins, leiðréttu það og greina hvort frávikði hafi breytt röð tilboða“.

Í lista sem fylgdi síðastgreindum tölvupósti eru öll atriðin 11 talin upp. Verkkaupi hefur samkvæmt því skjali tekið afstöðu til óska Ístaks um breytingar eða undantekningar (Deviations/Exceptions). Sjá má að frávikum vegna eldvarna og eiginleika steypu átti að hafna. Einnig er tekið fram í þessu skjali að frávikum vegna klæðningar átti að hafna. Segir í skjalinu (sem skilja verður sem upplegg verkkaupa):

„In the contractors offer there is no insulation of roofs or walls of the maturation bays ...“

Og um þetta segir síðan í skjalinu um viðbrögð verkkaupa:

„Þessu er hafnað. Samkvæmt ófrávikjanlegum skilmálum á að ganga frá þaki með „adequate insulation membrane and drainage“. Innifalið í þessum svæðum eru m.a. þök yfir maturation bays, reception og area between process modules“.

Ef marka má óundirritaða fundargerð fundarins frá 27. apríl 2018 virðist Ístak síðan hafa lagt til aðra aðferð við einangrun, þ.e. svokallað viðsnúið þak. Tilboð hans var hins vegar alveg skýrt um að það gerði ekki ráð fyrir neinni einangrun. Ístaki var gert kleift að draga í land með fyrirvara sína að þessu leyti og þannig breyta tilboði sínu eftir að tilboðsfrestur rann út.

Af þessu leiðir að frumforsenda afstöðu Sorpu byggir á röngum forsendum. Innkaupaferlið fór út af sporinu eftir móttöku tilboða. Ístak þurfti ekki einvörðungu að falla frá fyrirvörum, breyta tilboði sínu og gefa sérstakar yfirlýsingar, heldur þyrfti einnig að semja við fyrirtækið um breytta útfærslu.

Það er því alrangt að hér hafi verið á ferðinni beiðni um skýringar á tilboði heldur tók bæði tilboðið beinlínis breytingum og einnig virðist verkkaupinn að einhverju marki hafa aðlagð sínar kröfur að fyrirvörum og breytingum Ístaks. Hvort tveggja var óheimilt.

Um þetta atriði má einnig bæta við athugasemd um að í bréfi þínu er talað um að „skilyrði samningsgagna um nægjanlega einangrun [hafi verið uppfyllt] án sértækrar einangrunar“. Þetta er ekki í samræmi við afstöðu ráðgjafa umbjóðanda þíns sem áður er rakin og ekki heldur í samræmi við þá breytingu sem um var samið (viðsnúið þak).

## 2. Mat á gildi tilboða.

Í bréfinu er því haldið fram að grein 6.10 í samningskaupagögnum hafi heimilað að taka tilboði Ístaks. Er meðal annars vísað til þess að tilboð Ístaks hafi ekki falið í sér „*verulega breytingu, fyrirvara eða vöntun*“ í skilningi ákvæðisins. Einnig er því mótmælt að Ístaki hafi gefist kostur á að breyta tilboði sínu.

Málsvarnir Sorpu eru hér í beinni andstöðu við fyrrgreind samskipti eftir móttöku tilboðs. Sorpa taldi tilboð Ístaks í andstöðu við ófrávíkjanlegar kröfur og að áður en gengið yrði til samninga þyrfti að komast að samkomulagi eða fá Ístak til að falla frá hinum óheimilu frávikum.

Meginreglan er sú að tilboð eiga að vera í samræmi við útboðsgögn. Gagnsæi og jafnræðiskröfur hins opinbera útboðsréttar gera kröfu um að hægt sé að bera tilboð saman á jafnræðisgrunni. Í dómaframkvæmd um tilskipun 2004/18/EC (og afleidda löggjöf) hefur jafnan verið tekið mið af þessu þegar metið er hvaða samskipti við bjóðendur geta verið heimil frá því að tilboði hefur verið skilað og þangað til því er tekið.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Sjá hér t.d. málsgrein 40 í máli C-599/10 frá 29. mars 2012 þar sem meginþingarmálin um þetta eru tekin saman: „...Article 2 of that directive does not preclude, in particular the correction or amplification of details of a tender, where appropriate, on an exceptional basis, particularly when it is clear that they require mere clarification, or to correct obvious material errors, provided that such amendment does not in reality lead to the submission of a new tender. Nor does that article preclude ... the contracting authority may ask tenderers in writing to clarify their tender **without, however, requesting or accepting any amendment to the tender**“



Meginreglan á að vera sú að hægt sé að taka tilboði bjóðanda án frekari orða og ekki á að þurfa að semja um neitt í millitíðinni eða lagfæra eða breyta tilboðum. Þetta er grundvallaratriði til að tryggja jafnræði og gagnsæi í útboðum.

Frávikið, sem grein 6.10 í samningskaupagögnunum á að endurspegla, snýst eingöngu um atriði sem raska ekki samkeppni bjóðenda. Þar getur verið um að ræða vöntun á opinberum staðfestingargögnum, augljósar villur eða skýringar o.fl. þar sem ekki er hægt að breyta leikreglunum eftir á.

Í þessu máli var gengið mun lengra. Tilboðinu var breytt og það tók efnislegum stakkaskiptum í að minnsta kosti einu atriði. Umbjóðanda mínum gafst enginn kostur á að breyta sínu boði með sama hætti. Ekkert í hans tilboði var með sama sniði og fyrirvarar Ístaks heldur var þar einvörðungu um að ræða frekari skýringar á tilboðinu.

### 3. Afleiðingar brots

Í þessu máli var gengið mun lengra en heimilt er og því var um að ræða brot sem snýst í meginatriðum um að jafnræði bjóðenda er raskað. Vísa hefði átt tilboði Ístaks frá. Ef rétt hefði verið farið að hefði átt að taka tilboði umbjóðanda míns.

Því er haldið fram í bréfi þínu að brotið hafi engu máli skipt. Fullyrt er:

„Og jafnvel þótt reiknað yrði með sérstakri einangrun á þak yfir þroskunarkróm (Maturation Bays) og kostnað vegna hennar þá hefði það ekki breytt röð bjóðenda.“

Við þessa fullyrðingu verður að gera sérstakar athugasemdir. Ekki verður séð af þeim gögnum sem umbjóðanda þínum var gert að afhenda að neitt slíkt mat hafi verið gert áður en gengið var til samninga við Ístak. Kostnaðarútreikningar umbjóðanda míns benda á hinn bóginn til þess gagnstæða.

Mismunur á tilboðum Ístaks og ÍAV nam 33.472.821 (m/vsk). Kostnaður við frágang og einangrun þaka í tilboði ÍAV er samkvæmt meðfylgjandi töflu (fylgiskjal 1). Tilboð ÍAV í frágang á þökum (verkliðir 3.3.3.5 – 3.3.3.9) nam kr 231.385.623. Þar af nam kostnaður við einangrun kr 123.376.777. Kostnaður í tilboði ÍAV við einangrun á þeim svæðum sem Ístak gerir fyrirvara um er kr 50.502.879, samanber eftirfarandi:

Maturation bays (hluti 3.3.3.8)	2.294 m <sup>2</sup>	12.341 kr	28.310.254 kr
Reception hall (hluti 3.3.3.5)	989 m <sup>2</sup>	9.755 kr	9.647.695 kr
Process module corridor (hluti 3.3.3.7)	1.286 m <sup>2</sup>	9.755 kr	12.544.930 kr
		<b>Samtals</b>	<b>50.502.879 kr</b>

Ef bera átti tilboðin saman á jafnréttisgrundvelli hefði átt að taka þennan kostnað út úr tilboði ÍAV. Sama gildir um sparaðan kostnað í tilboði Ístaks hvað varðar aðgerðir til að gera steypu sýruhelda en viðbótarkostnað vegna þess hefur ÍAV metið á um 34,8 milljónir króna.

Kostnaðinn við að gera steypuna sýruhelda hefði einnig átt að taka út úr tilboði ÍAV til að jafna fyrirvarann hjá Ístaki. Ef tekið er tillit til beggja þátta, hefði tilboð ÍAV átt að lækka um kr 50.502.879 fyrir einangrunina og kr 34.881.600 fyrir steypuna eða alls kr 85.384.479 og þar með hefði tilboð ÍAV orðið kr 51.911.658 lægra en tilboð Ístaks. Ekki er lagt mat á kostnað vegna annarra stálgæða og greiðslufyrirkomulags sem tilboð Ístaks miðaði við.

\*\*\*


Umbjóðandi minn lagði mikið undir við tilboðsgerðina og lætur nærri að beinn kostnaður vegna vinnu starfsmanna og ráðgjafa nemi um 48 milljónum króna.

Í sínum útreikningum á tilboðsstigi gerði umbjóðandi minn ráð fyrir um 9% framlegð þar af 5,5% í hreina álagningu en 0,5% til að standa straum af yfirstjórn og 3% vegna aukinnar áhættu. Umbjóðandi minn álítur bótaskyld tjón sem af ákvörðun Sorpu felist í töpuðum hagnaði sem af því leiddi að hann fór á mis við verkið. Umbjóðandi minn telur að krafa hans á hendur umbjóðanda þínum geti ekki numið lægri fjárhæð en 5,5% af tilboðsfjárhæð hans, eða 228.221.148 kr. (að meðtöldum vsk.)

Umbjóðandi minn vill í lengstu lög komast hjá því að fara með kröfur sínar fyrir dómstóla en ef Sorpa heldur fast við fyrri afstöðu sína á hann í raun ekki annan kost en að láta reyna á kröfur sínar, bæði hvað varðar tapaðan hagnað og til vara kostnað sinn við tilboðsgerð. Búast má við því að mál verði höfðað til innheimtu krafna ÍAV eigi síðar en hinn 16. september nk. með tilheyrandi kostnaði.

Virðingarfyllst,

f.h. Íslenskra aðalverktaka hf.



Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður

Fylgisdýjal 1.

**Minnisblað**  
**Sorpa jarðgerðarstöð**  
Samanburður á tilboðum ÍAV og Ístaks

- Eftirfarandi tilboð bárust frá Ístaki og ÍAV sem voru tvö lægstu tilboðin:
  - Ístak hf kr. 4.116.008.927 með VSK
  - ÍAV hf kr. 4.149.481.748 með VSK

Mismunur tilboðanna er kr. 33.472.821 með VSK

- Engir fyrirvarar voru í tilboði ÍAV.
- Fyrirvarar Ístaks voru m.a. vegna einangrunar þaka, steypugæða, stálgæða og greiðslufyrirkomulags.

a) Í fyrirvara Ístaks vegna einangrunarinnar kemur eftirfarandi fram:

„In the contractors offer there is no insulation of roofs or walls of the maturation bays, reception hall or the process modules corridor“.

Kostnaður við frágang og einangrun þaka í tilboði ÍAV er samkvæmt meðfylgjandi töflu. Tilboð ÍAV í frágang á þökum (verkliðir 3.3.3.5 – 3.3.3.9) nam **kr 231.385.623**. Þar af nam kostnaður við einangrun **kr 123.376.777**.

Kostnaður í tilboði ÍAV við einangrun á svæðum sem Ístak gerir fyrirvara um er kr 50.502.879, samanber eftirfarandi:

Maturation bays (hluti 3.3.3.8)	2.294 m <sup>2</sup>	12.341 kr	28.310.254 kr
Reception hall (hluti 3.3.3.5)	989 m <sup>2</sup>	9.755 kr	9.647.695 kr
Process module corridor (hluti 3.3.3.7)	1.286 m <sup>2</sup>	9.755 kr	12.544.930 kr

**Samtals 50.502.879 kr**

Ef bera átti tilboðin saman á jafnréttisgrundvelli hefði átt að taka þennan kostnað út úr tilboði ÍAV.

Taflan hér fyrir neðan sýnir uppbyggingu tilboðs ÍAV

Liður	Lýsing	Magn í m <sup>2</sup>	Einingaverð í tilboði kr m/VSK	Þar af kostnaður við einangrun kr m/VSK	Heildarkostnaður við einangrun í tilboði ÍAV kr m/VSK
3.3.3.5	Roof finishing on lower CLT (Future turf load)	2.358	18.824	9.755	23.002.666
3.3.3.6	Roof finishing on concrete area (process modules)	2.717	24.633	12.341	33.530.735
3.3.3.7	Roof finishing on upper roof CLT	3.048	18.824	9.755	29.733.726
3.3.3.8	Roof finishing on maturation bay concrete area	2.089	20.604	12.341	25.780.532
3.3.3.9	Roof finishing on sloped concrete roofs	918	21.409	12.341	11.329.118
				<b>Samtals:</b>	<b>123.376.777</b>



b) Í útboðsgögnum kemur fram að steypa eigi að vera C40/50 með áreitisflokk XA3.

Í fyrirvara Ístaks vegna steypukrafna kemur eftirfarandi fram:

„Included in the Contractors price is concrete which fulfils the requirements in accordance to the Norwegian standard: NS-EN-206:2003 + NA:2014, Nasjonalt tilleg. Clause NA.5.3.2(901)“.

Í tilboði ÍAV er gert ráð fyrir að nota steypu C40/50 og að auki er gert ráð fyrir kostnaði til að gera steypuna sýruhelda til að uppfylla áreitisflokk XA3, (sbr. meðf. skýringar með tilboði ÍAV) :  
Yfirborðsmeðhöndlun á steypu vegna „acid attack“ 11.180 m<sup>2</sup> á kr 3.120 eða **samtals 34.881.600 kr með VSK.**

Á tilboðsstiginu kom einnig til greina að nota súlfatþolna steypu, með því að nota sementið CEM I 52.5 Aalborg white. Þetta hefði haft í för með sér viðbótarkostnað upp á 13.299 kr/m<sup>3</sup> eða samtals fyrir 3.533 m<sup>3</sup> = **46.985.367 kr með VSK.**

Ef bera átti tilboðin saman á jafnréttisgrundvelli átti að taka kostnað okkar við að gera steypuna sýruhelda kr. 34.881.600 út úr tilboði okkar.

c) Frávik Ístaks um stálgæði í Reactor– og Biogastönkum leiðir til aukins mismunar á tilboðunum:

P3.7.2 Reactor tanks: Notkun AISI 304 stáls í stað AISI 316.

P3.7.3 Biogas tanks: Notkun AISI 304 stáls í stað AISI 316.

Ekki er lagt mat á þennan kostnað.

d) „All payments will be payed according to work progress“ sem er ekki í samræmi við gögn og hefði væntanlega leitt til frekari kostnaðarmunar.

Ekki er lagt mat á þennan kostnað.

Samantekt á liðum a)-d)

Kostnaðinn við að gera steypuna sýruhelda hefði einnig átt að taka út úr tilboði ÍAV til að jafna fyrirvarann hjá Ístaki. Ef tekið er tillit til beggja þátta, hefði tilboð ÍAV átt að lækka um **kr 50.502.879** fyrir einangrunina og **kr 34.881.600** fyrir steypuna eða alls **kr 85.384.479** og þar með hefði tilboð ÍAV orðið **kr 51.911.658** lægra en tilboð Ístaks. Ekki er lagt mat á kostnað vegna stálgæða og greiðslufyrirkomulags.

- Álagning og áhætta ásamt kostnaði við yfirstjórn var 9% í tilboðinu, samkvæmt eftirfarandi skiptingu:

a) Yfirstjórn	0,5%
b) Áhætta	3,0%
c) Álagning	5,5%

- Kostnaður við tilboðsgerðina:

ÍAV: 1.450 tímar á 17.000 kr x 1,24 með VSK. Samtals kr. 30.566.000 með VSK

Verkís: 820 tímar á 17.000 kr x 1,24 með VSK. Samtals kr. 17.285.600 með VSK.

Samtals kr. 47.851.600 með VSK

Reykjavík, 23.08.2019

Jón Leví Hilmarsson

Haukur Magnússon

Páll Á Pálsson

Leó Jónsson